

28.03.2019

Samstarfs- og þróunarverkefni lögreglu og Hafnarfjarðar

Erindisbréf bakhóps

Lýsing verkefnisins

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbær standa saman að þróunarverkefni til eins árs. Markmið verkefnisins er að vinna að forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem ætluð er að auka velferð barna og unglinga og draga úr áhættuhegðun þeirra. Lögreglan leggur til lögreglumann sem mun hafa aðsetur í ráðhúsi Hafnarfjarðar.

Markmið verkefnisins

Að sporna gegn því að börn leiðist út í vímuefnaneyslu og aðra afbrota- og áhættuhegðun með snemmtækri íhutun lögreglu og Hafnarfjarðarbæjar.

Efla skal samstarf Hafnarfjarðarbæjar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og vinna að afbrotavörnum. Þverfagleg samvinna verði leiðarljós í starfinu sem stuðlar að auknum lífsgæðum barna og fjölskyldna í sveitarfélaginu.

Leiðir og undirmarkmið

- Móta árangursríkar leiðir til að vernda börn og unglinga í Hafnarfirði gegn hvers konar ofbeldi og vanrækslu. Auka samvinnu og samráð milli fagaðila sem koma að málefnum barna og unglinga í Hafnarfirði.
- Verkefnið felur í sér nána samvinnu lögreglunnar og þeirra sem vinna að málefnum barna og ungmenna hjá sveitarfélaginu. Má þar nefna barnavernd, heimilisofbeldisteymi og aðkomu að forvarnarstarfi í grunn- og leikskólum, félagsmiðstöðvum og ungmennahúsi.
- Koma á sáttamiðlun í vægari afbrotum.
- Auka sýnileika lögreglunnar í nærsamfélagi barna og unglinga.
- Fá betri yfirsýn yfir fjölda þeirra barna og unglinga sem sýna áhættuhegðun.
- Huga sérstaklega að börnum og unglingum sem tilheyra jaðarsettum hópum, eins og börn af erlendu bergi brotin, börn sem búa við erfiðar heimilisaðstæður og börn sem koma við sögu í bókum lögreglu.
- Innleiða skýrari verkferla varðandi tilkynningar skóla og annarra til lögreglu varðandi brot og önnur tilkynningaskyld atvik.

Hlutverk og helstu verkefni bakhóps

Bakhópur er hugsaður sem bakland og samráðsvettvangur vegna þessa samstarfs- og þróunarverkefnis. Þar er fjallað um stefnu og áherslur verkefnisins hverju sinni. Bakhópurinn finnur út mælikvarða og mat á árangri verkefnisins. Bakhópurinn er til stuðnings lögreglumanninum en er ekki sem beinn stýrihópur.

- Þróa forvarnamódel sem byggir á samvinnu lögreglu og stofnanna sveitarfélagsins (sem hægt væri að innleiða í öðrum sveitarfélögum/löggæslusvæðum innan höfuðborgarsvæðisins)
- Tryggja að gerðar séu leiðbeiningar/verklagsreglur fyrir starfsfólk sem kemur að verkefninu
- Sjá til þess að virkt samráð sé um verkefnið á milli samstarfsaðila og leysa þá hnökra sem upp kunna að koma.
- Kortleggja úrræði samstarfsaðila og kanna hvort þörf sé á nýjum úrræðum/aðkomu fleiri.
- Að safna upplýsingum og tölfræði um verkefnið, auk þess að byggja á niðurstöðum rannsókna (R&G) og þolendakönnunum, nýta þær til að þróa verkefnið og gera þær aðgengilegar.
- Kynna sér forvarnaverkefni hjá nágrannaþjóðum (Norðurlönd, Bretland) með það í huga að hægt sé að byggja á þeim við þróun verkefnisins.
- Þróa mælistikur fyrir árangur af verkefninu.
- Verkefnið sé metið á hlutlægan hátt á þróunartímanum (mótandi matsrannsóknir (*e. formative evaluation*)).
- Vinna að samantektum um reynsluna af verkefninu (framvinduskýrsla í Lýðheilsusjóð).

Hagsmunaaðilar

- Börn og unglingar í Hafnarfirði og fjölskyldur þeirra.
- Starfsstaðir sem sinna börnum og unglingum í Hafnarfirði.
- Aðrir samstarfsaðila og samfélagið í heild.

Ábyrgðaraðilar

- Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.
- Sviðsstjóri Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.
- Lögreglustjóri LRH.

Fulltrúar í bakhóp:

Birgir Örn Guðjónsson lögreglumaður LRH sem er starfsmaður verkefnisins.

Geir Bjarnason Íþróttá- og tómstundafulltrúi hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu, sem er formaður.

Haukur Haraldsson sálfræðingur hjá Fjölskylduþjónustu.

Helena Unnarsdóttir deildarstjóri barnaverndar hjá Fjölskylduþjónustu.

Hulda Björk Finnsdóttir verkefnastjóri BRÚARINNAR, hjá Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu, sem er ritari.

Marta Kristín Hreiðarsdóttir sérfræðingur LRH og verkefnastjóri verkefnisins af hálfu lögreglu.

Vinnulag hópsins

- Formaður boðar til fastra funda.
- Halda skal fundargerð og einu sinni á mánuði skal senda ábyrgðaraðilum afrit af fundargerðum.
- Fundagerðir lagðar fram í fræðsluráði og fjölskylduráði einu sinni á önn/misseri.

Starfstími vinnuhóps

- Frá 15.3.2019 til loka verkefnis

Hafnarfjörður og Reykjavík, 29.3.2019

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundabjónustu.

Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskyldubjónustu.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.